

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1-3
101 Reykjavík

sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 31. janúar 2020

Umsögn Landverndar við Landsáætlun um skógrækt -drög að lýsingu, mál nr. 310/2019

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér lýsingu fyrir gerð Landsáætlunar um skógrækt 2020 (LSK 2020). Um er að ræða aðgerðaáætlun í skógrækt til ársins 2025, þá er endurskoðun ráðgerð.

Landsáætlun í skógrækt – drög að lýsingu, er auðsjáanlega unnin af fagmennsku og metnaði verkefnisstjórnar með ótal ábendingum og skýrskotunum í skýrslur og verkefni er varðar skógrækt. Samt virðist vanta ábendingar um aðgerðir og úrræði, kannski vegna þess að þetta eru drög að lýsingu að landsáætlun um skógrækt. Álykta má að þær áætlanir komi fram á síðari stigum verkefnisstjórnarinnar.

Jákvætt er:

- að helsta markmið LSK 2020 sé að skógræktin sé sameinuð.
- verndun náttúruskóga og stuðla að útbreiðslu þeirra sem hefur margvísleg jákvæð áhrif t.d. á líffræðilega fjölbreytni og heftir landrof.
- að fyrirhuguð sé samvinna um Landgræðsluáætlun og Landsáætlun um skógrækt.

Það má segja að vanti í LSK 2020 er:

- Áætlun varðandi beitarstýringu sauðfjár í samstarfi við Landgræðsluna og sveitarfélög sem myndi flýta fyrir náttúrulegri útbreiðslu birkiskóga.
- Áætlun er varðar öryggismál það er heftingu gróðurelda.

Landvernd leggur áherslu að skógrækt hafi ekki neikvæð áhrif á lífbreytileika eins og hann er skilgreindur í náttúruverndarlögum á Íslandi og telur því að það geti verið gagnlegt að landsáætlun um skógrækt fjalli vandlega um hvernig beri að haga ræktunarstörfunum og vali á trjátegundum sem og val og skipulag ræktunarsvæða til að draga úr áhættu hvað lífbreytileika varðar.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri